

Hafnarfjörður 17. nóvember 2017

Til þess sem málið varðar,

Við á Hafravöllum 1 viljum koma eftirfarandi athugasemdum til skila varðandi breytingar á deiliskipulagi á Hvannavöllum.

Við erum alfarið á móti því að strætó aki Hvannavellinna, bílstjórar vagnana aka yfirleitt of hratt sem veldur mikilli hættu. Stutt er á milli ferða með fáa og oft enga. Ef Hafnarfjarðarbær telur sig vera umhverfisvænan þá er þetta í andstæðu við þá stefnu þ.e. mengandi strætó skuli keyra svo ört um íbúðarhverfi þar sem er greinilega ekki þörf á. Okkur finnst að strætóleiðinn ætti að liggja á Ásvallabraut þar sem hlóðmön er á milli vegarins og íbúðahverfis, við teljum þetta vera öruggasti kosturinn í stöðuni.

Það kom fram í síðustu Fjarðarfréttum í viðtali við Helgu Ingólfssdóttir að strætó leið 1 eigi að fara að keyra til 01 á virkum dögum og 04:30 um helgar. Við erum mjög á móti þessum breytingum þar sem þetta kemur til með að valda miklu ónæði inní hverfinu, hún segir í viðtalinu á fólk komi til með að geta nýtt sér strætóinn til að koma sér heim úr bænum um helgar. Það gefur augaleið að þessu kemur til með að fylgja mikið ónæði þegar fólk labbar heim til sín frá stoppustöðini svo ekki sé talað um ónæðið sem hlýst af vagninum að keyra götuna svona ört á nóttini. Þar bendum við einnig á mengunar sjónarmiðið. Strætó er ekki að fara að keyra inní nein önnur íbúðar hverfi í bænu á nóttini og afhverju ætti hann þá að keyra Vallarhverfið á nóttini. Vil tejlum að besti kosturinn í þessu máli væri aðstrætó mundi ekki fara lengra en í Fjörð á nóttinni til þess að takmarka ónæðið inní íbúðarhverfinu.

Strætóskýlið sem nýverið var sett upp á Hvannavöllum er alveg í lóðamörkum okkar og samkvæmt deiliskipulagi var ekki gert ráð fyrir strætóskýli þarna. Við erum mjög mótfallinn þessari staðsetningu skýlisins, í fysta lagi vegna þess að það er búið að rjúfa gangstéttina til að koma því fyrir. Í öðrulagi þá kemur skýlið til að valda okkur vandræðum í framkvæmdum okkar en við erum að byggja húsið og eigum einnig eftir að gangn frá lóðini og lóðamörkum og er skýlið mikið

fyrir okkur. Einnig kemur til með að vera mikið ónæði fyrir okkur vegna þess hve nálægt skýlið er en það kemur til með að vera örfáum metrum frá stofuglugganum okkar. Við teljum að það væri miklu betri kostur ef að stoppu stöðinn væri færð aðeins utar í götuna og þá væri hægt að ganga frá skýlinu eins og er gert með þrengingu rétt hjá afleggjaranum inn á Glitvelli þar sem gangstétt er á milli skýlisins og lóðamarka. En við teljum að það veiti ekki af fleiri þrenginum í götuni þar sem umferðahraðinn er alltof mikill.

Með vinsemd og virðingu,

Auður Halldórsdóttir,
Skúli Sigvaldason
Húsbyggjendur og veðandi íbúar við Hafravelli 1